



Akraneskaupstaður

Jafnlaunastefna Akraneskaupstaðar

Jafnlaunastefna þessi tekur til Akraneskaupstaðar sem sameiginlegs vinnustaðar starfsfólks á bæjarskrifstofu og í stofnunum kaupstaðarins og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki hans þau réttindi sem kveðið er á um í 19. grein jafnréttis laga nr. 10/2008.

Akraneskaupstaður greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og taka þau mið af þeim kröfum sem störf gera um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. **konum** og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu **njóta sömu** kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Jafnlaunastefna er hluti af jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar þar sem sérstaklega eru settar fram aðgerðir til að tryggja launajafnrétti. Þar segir að við ákvörðun launa skuli þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Einstaklingar skulu fá greitt fyrir störf sín út frá verðmæti **þeirra** óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar skuldbindur hann sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins (ST 85 og öðlast vottun í samræmi við lög 56/2017 um **jafnlaunavottun**).
-
- Framkvæma árlega launagreiðingu innan kaupstaðarins.
- Bregðast við útskýrðum launamun, sé hann til staðar, með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Árlega skal fara fram innri úttekt og rýni stjórnenda.
- Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega af yfirstjórn að þeim sé hlítt.
- Kynna árlega niðurstöður launagreiðinga og jafnlaunastefnu fyrir starfsmönnum Akraneskaupstaðar.
- Stefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu Akraneskaupstaðar.

Athugasemd [SA]: Athugasemdir unnar eftir fyrirtöku málsins hjá skóla- og frístundaráði dags. 15. september 2020.

Athugasemd [SA]: Ungmennaráð gerir athugasemdir í umsögn sinni dags. 13. október 2020 varðandi orðanotkun í stefnunni þar sem talin eru upp tvö kyn í textanum en kynin séu öllu fleiri en tvö og margir kjósi að skilgreina sig ekki sem eitt ákveðið kyn og leggur til að notað sé almennara orðalag t.d. eins og „öllum“.

Athugasemdir við afgreiðslu lutu að orðalagi jafnréttis laga en þar er enn sem komið er hefðbundin orðanotkun sbr. m.a. heiti laganna. Bæjarfulltrúar óskuðu eftir að kannað yrði hjá vottunaraðila jafnlaunavottunar hvort athugasemdir yrðu gerðar við þá orðanotkun sem ungmennaráð lagði til í umsögn sinni. Ef fallist yrði á það sjónarmið kemur vel til greina að taka stefnuna að nýju til umfjöllunar í bæjarstjórn Akraness.

Athugasemd [SA]: Legg til orðalagsbreytingu til samræmi við orðalag sem kemur beint úr lögum nr. 10/2008. Einnig hef ég það beint frá vottunaraðilanum að hann mun gera athugasemdir við orðið „sambærileg“.

Athugasemd [SA]: Hef fengið athugasemdir um að þetta orð sé gildishlaðið og geti „stuðað“ þannig að launþegar, upplifi sem þeirra störf séu lítils virði. Velti fyrir mér, eftir ábendingu hvort orðið „verðmat“ væri sakleysislegra en held, eftir íhugun að við yrðum á sama stað með það ágæta orð þó það hafi allt aðra merkingu. Ég vil reyna að

Athugasemd [SA]: Set inn texta um stöðugar umbætur óháð því hvort að kerfið er fullkomið.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness xx. september 2020.



Akraneskaupstaður

F.h. Akraneskaupstaðar

Sævar Freyr Práinsson

Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri